



**Reykjavíkurborg**  
Velferðarsvið

# Væntingar og þarfir einstaklinga í húsnæðisvanda

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar  
Skrifstofa sviðsstjóra - deild gæða og rannsókna  
Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir verkefnastjóri  
Erla Björg Sigurðardóttir deildarstjóri  
VEL 2019010008

Janúar 2019

## Innihald

1.	Helstu niðurstöður .....	4
A.	Helstu niðurstöður — Biðlisti eftir félagslegu húsnæði .....	4
B.	Helstu niðurstöður — Viðtöl í neyðarskýlum .....	4
C.	Helstu niðurstöður — Rýnihópar .....	5
2.	Tilurð rannsóknar og markmið .....	7
3.	Undirbúningur og framkvæmd .....	7
	Niðurstöður rannsóknar .....	10
4.	tölfræðigreining á biðlistanum 1. september 2018 .....	10
1.	Atvinnustaða .....	10
2.	Fjölskyldugerð og fjöldi barna .....	11
3.	Húsnæðisstaða/dvalarstaður .....	12
4.	Stærð íbúðar .....	12
5.	Ríkisfang .....	12
6.	Þörf fyrir húsnæði .....	12
5.	Niðurstöður rýnihópanna .....	14
A.	Rýnihóparnir — bakgrunnsupplýsingar .....	14
B.	Rýnihóparnir — niðurstöður .....	14
1.	Tímalengd á biðlista .....	14
2.	Húsnæðisstaða viðmælenda .....	14
3.	Áhrif þess að vera á biðlistanum .....	15
4.	Væntingar .....	16
5.	Upplýsingagjöf .....	17
6.	Annað .....	17
6.	Niðurstöður viðtala í neyðarskýlunum .....	18
A.	Viðmælendur — bakgrunnsupplýsingar .....	18
7.	Viðauki 1: Viðtalsvísir í rýnihópunum .....	20
8.	Viðauki 2: Verklagsreglur um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur .....	21

## Töflur

Tafla 1: Kyn og aldurssamsetning .....	10
Tafla 2: Atvinnustaða.....	10
Tafla 3: Fjöldi barna .....	11
Tafla 4: Hjúskaparstaða .....	11
Tafla 5: Húsnæðisstaða/dvalarstaður .....	12
Tafla 6: Stærð íbúðar sem sótt er um.....	12

# Helstu niðurstöður rannsóknarinnar

## 1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

### A. HELSTU NIÐURSTÖÐUR — BIÐLISTI EFTIR FÉLAGSLEGU HÚSNÆÐI

- Þann 1. september 2018 voru samtals 944 einstaklingar á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík.<sup>1</sup>
- Af þeim var 50,3% karlar og 49,7% konur.
- 57% einstaklinga á biðlistanum voru 39 ára og yngri (samtals 540 einstaklingar).
- 62% einstaklinganna eru sjúklingar eða öryrkjar. Atvinnulausir með eða án bótaréttar eru 11%. Tæp 19% þeirra eru með atvinnu, hvort sem er sem launþegar eða sem atvinnurekendur/einryrkjar.
- 70% einstaklinga eru ógift, 4% gift og 25% fráskilin.
- 26% einstaklinga eru skráð með börn á framfæri. Af þeim eru 3,5% karlmenn.
- 47,5% búa í herbergi eða í íbúð á almennum leigumarkaði, 25% búa hjá foreldrum eða hjá öðrum ættingjum eða vinum, 16% eru húsnæðislausir og 6,5% dvelja á stofnun eða á stuðningsheimili/sambýli.
- 70% einstaklinganna eru á biðlista eftir eins til tveggja herbergja íbúð. Það samræmist því sem hér hefur komið fram, en langflestir sem eru á biðlistanum eru barnlausir og jafnvel einhleypir.
- 89,7% þeirra sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði eru með íslenskt ríkisfang. Af þeim sem eru með erlent ríkisfang eru flestir frá Póllandi (27 einstaklingar) og Litháen (11 einstaklingar), eða um 4% þýðisins.

### B. HELSTU NIÐURSTÖÐUR — VIÐTÖL Í NEYÐARSKÝLUM

- Alls voru tekin viðtöl við 14 einstaklinga, sex konur og átta karlmenn, í fjórum heimsóknum í Gistiskýlið og Konukot.
- Fimm viðmælendur voru af erlendum uppruna.
- Tólf viðmælendur gistu í neyðarskýlunum vegna heimilisleysis.
- Viðmælendur höfðu verið heimilislausir frá allt að fjórum mánuðum upp í 15 ár. Allir sögðust hafa gist meira og minna í neyðarskýlunum þann tíma sem þeir hefðu verið heimilislausir. Einnig sögðust viðmælendur hafa gist í bílnum sínum, á áfangaheimili og hjá vinum og ættingjum.
- Allir viðmælendur að einum undanskildum sögðust hafa leitað sér aðstoðar hjá félagsþjónustunni vegna aðstöðu sinnar. Einnig höfðu viðmælendur notið aðstoðar VOR-teymis velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.
- Allir viðmælendur í Konukoti og fjórir af átta viðmælendum í Gistiskýlinu sögðust vera á biðlista eftir félagslegu húsnæði í sínu bæjarfélagi. Einn viðmælandi var á biðlista eftir að komast í smáhýsi.

<sup>1</sup> 1. janúar 2019 voru 901 einstaklinga á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík.

- Allir viðmælendur að einum undanskildum sögðust vilja komast í sjálfstæða búsetu.
- Hvað aðrar væntingar varðar var m.a. nefnt:
  - búseta í blönduðu hverfi þar sem ekki væru einungis félagslegar íbúðir,
  - búseta með stuðningi,
  - búseta fjarri einstaklingum með áfengis- og/eða annan vímuefnavanda,
  - búseta í miðbæ Reykjavíkur; sérstaklega þegar viðkomandi er í virkri neyslu,
  - búseta fjarri miðbæ Reykjavíkur; vegna ágangs annarra sem eru í neyslu og jafnvel heimilislausir,
  - öruggt og viðunandi húsnæði,
  - húsnæði í kjölfar búsetu á áfangageimili.
- Sex af átta viðmælendum í Gistiskýlinu töldu sig þurfa á búsetu með stuðningi að halda. Meðal þess stuðnings sem þeir vildu var hjálp við heimilisþrif og stuðningur vegna fíknivanda.
- Tveir af sex viðmælendum í Konukoti sögðust þurfa á einhvers konar stuðningi að halda í búsetu. Meðal þess stuðnings sem þær töldu sig vanta var fjölþættur stuðningur á borð við andlegan og félagslegan stuðning.
- Misjafnt var hvort viðmælendur gátu hugsað sér að búa í búsetuúrræði þar sem einstaklingar mættu vera í neyslu.
- Níu viðmælendur sögðust þurfa á einhvers konar aðstoð að halda vegna m.a. áfengis- og/eða annars vímuefnavanda, geðræns vanda og stuðning vegna ágengni annarra sem væru heimilislausir.
- Tveir viðmælendur sögðu það þurfa að koma í ljós þegar þeir fengju húsnæði hvaða aðstoð þeir þyrftu á að halda þar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir því í dag.

### C. HELSTU NIÐURSTÖÐUR — RÝNIHÓPAR

- Alls mættu 18 manns á þá þrjá rýnihópafundi sem haldnir voru í húsnæði velferðarsviðs í Borgartúni 12–14.
- Samkvæmt viðmælendum höfðu þeir verið, að meðaltali, fimm ár á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði.<sup>2</sup>
- Flestir viðmælendur bjuggu inni á vinum eða ættingjum, eða leigðu herbergi eða íbúð á almennum leigumarkaði. Tveir viðmælendur bjuggu á stofnun.
- Staða þeirra sex sem bjuggu hjá ættingjum og/eða vinum var eftirfarandi:
  - Kona býr í herbergi hjá ættingja með ungt barn. Framtíðin óljós þar sem húsnæðið er á sölu.
  - Kona býr hjá ömmu sinni eftir sambandsslit við barnsföður. Er með sameiginlega forsjá yfir tveimur ungum börnum en getur ekki haft þau hjá sér.
  - Kona býr í einu herbergi, með tvo unglunga, hjá móður sinni. Aðstæður slæmar og að hennar sögn ekki viðunandi fyrir börnin.
  - Ung stúlka býr að sögn af „illri nauðsyn“ hjá kærastanum sínum.
  - Ungur maður sefur á sófum hjá vinum sínum en þess á milli hjá foreldrum sínum.
  - Viðmælandi sefur á sófa inni í stofu hjá föður sínum.
- Tíu viðmælendur í rýnihópunum sögðust leigja herbergi eða íbúð á almennum leigumarkaði.

<sup>2</sup> Meðalbíðtími þeirra sem fengu úthlutað félagslegt húsnæði árið 2018 var 35 mánuðir eða tæp þrjú ár.

- Tveir viðmælendur voru að missa íbúðirnar sem þeir leigðu. Annar vegna sölu á eigninni og hinn vegna þess að húsnæðið væri óíbúðarhæft. Báðir viðmælendur voru með ung börn og sögðust ekki vita hvert þeir færu í kjölfarið.
- Einn viðmælandi sagðist leigja 50 fermetra ósamþykka íbúð í fjölbýli. Hann borgar háa leigu og líður ekki vel í íbúðinni.
- Áhrif þess að vera ekki í tryggju húsnæði og á biðlista eftir félagslegu húsnæði voru margvísleg:
  - Tíðir flutningar hafa slæm áhrif á börnin, ekki síst að skipta oft um skóla og íþróttafélög.
  - Að búa inni á ættingja stuðlar ekki að þeim heilbrigðu og uppbyggjandi aðstæðum sem börnin þurfa á að halda.
  - Óvissa á leigumarkaði er erfið og andleg líðan smitast yfir á börnin.
  - Að búa inni á öðrum einstaklingi í óheilbrigðu sambandi af „illri nauðsyn“ hefur ekki góð áhrif á andlega líðan.
  - Að flakka á milli vina og ættingja skapar mikið óöryggi.
  - Mikill streituvaldur að vera komin á efri ár og þurfa að vera í eilífu „ströggli“ við að komast í öruggt húsnæði.
- Væntingar viðmælenda hvað húsnæði varðaði voru fyrst og fremst þær að húsnæðið væri öruggt og heilbriggt:
  - Íbúð án raka eða myglu.
  - Engan linoleum-dúk á gólfum. Félagslegar íbúðir þekkjast á dúknum og innréttingunum.
  - Stærð íbúðar skiptir ekki máli þar sem allt sé betra en staðan í dag.
  - Barnafjölskyldurnar sögðust ekki afþakka íbúð sem væri í öðru hverfi en þær byggju í. Óskastaðan væri samt að vera áfram í sama hverfinu, barnanna vegna.
  - Viðmælendur geta hugsað sér að flytja í tímabundið húsnæði, svo lengi sem varanlegt húsnæði með viðráðanlegri leigu væri í farvatninu.
  - Nokkrir viðmælendur sögðust geta hugsað sér að leigja tímabundið með öðrum í svipaðri stöðu og þeir.
  - Mikilvægt að búa í blönduðu hverfi/húsnæði; þ.e. félagslegar íbúðir og almennar íbúðir.
  - Hvað staðsetningu varðaði var sumum viðmælendum alveg sama hvar þeir byggju; jafnvel til í að vera úti á landi.
  - Aðrir vildu gjarnan vera miðsvæðis í Reykjavík þar sem þeir fara fótgangandi allar sínar leiðir. Einnig var það mikilvægt fyrir þá að búa miðsvæðis þar sem tengslanet þeirra og öll félagsleg virkni er í miðbæ Reykjavíkur.
- Viðmælendur áttu sammerkt að þeir vildu gjarnan vita meira um stöðu sína á biðlistanum.
  - Þeir töldu upplýsingaflæði til þeirra lítið og upplýsingum ekki miðlað til þeirra þegar þeir óskuðu eftir því.
  - Þeir vissu t.d. ekki hve margir væru á biðlista eftir félagslegu húsnæði, hve margar íbúðir væru í boði (og í hvaða stærðum), hvernig stigagjöfinni væri háttað og hvaða þýðingu stigafjöldinn þeirra hefði fyrir þau.

# Inngangur

## 2. TILURÐ RANNSÓKNAR OG MARKMIÐ

### Tilurð

Á fundi borgarráðs þann 31. júlí 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands:

*Lagt er til að Reykjavíkurborg kanni væntingar og þarfir einstaklinga sem eru í húsnæðisvanda í borginni. Til að fá heildstæða mynd af aðstæðum þarf að ræða við fólk í húsnæðisvanda og eru eigindlegar rannsóknaraðferðir þar hentugar, hvort sem slíkt er t.d. í formi hálfstaðlaðra viðtala eða í rýnihópum.*

Tillagan var samþykkt og vísað til frekari vinnslu á vegum velferðarráðs. Á fundi velferðarráðs þann 10. ágúst 2018 er samþykkt að vísa tillögunni til deildar gæða og rannsókna á skrifstofu velferðarsviðs.

### Markmið rannsóknar

Markmið rannsóknarinnar var að kanna væntingar og þarfir einstaklinga í húsnæðisvanda sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði eða annarskonar búsetuúrræði. Einnig var markmið rannsóknarinnar að kanna væntingar þeirra sem eru skilgreindir utangarðs og á hvað þeir leggja áherslu í búsetuúrræðum sínum.

## 3. UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD

Rannsakandi sá um undirbúning rannsóknarinnar í samvinnu við deildarstjóra og starfsmenn á deild gæða og rannsókna á skrifstofu velferðarsviðs. Við undirbúninginn var gerð greining á biðlista eftir félagslegu húsnæði í Reykjavík og tekið tillit til þátta á borð við kyn, aldur, atvinnustöðu, fjölskyldugerð og húsnæðisstöðu.

### Aðferðafræði<sup>3</sup>

Í rannsókninni voru væntingar og þarfir þeirra sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði og/eða annars konar búsetuúrræði ræddar í rýnihópum og í einstaklingsviðtölum. Lagt var upp með að hafa þrjá mismunandi rýnihópa:<sup>4</sup>

<sup>3</sup> Í kaflanum er upplýsingar fyrst og fremst teknar af vefsíðu Félagsvísindadeild Háskóla Íslands: <http://fel.hi.is/rynihopar> og <http://fel.hi.is/einstaklingsvidtol>.

<sup>4</sup> Við gerð rannsóknaráætlunar var ákveðið að hafa einn rýnihóp með einstaklingum af erlendum uppruna. Hins vegar var fallið frá þeirri hugmynd þegar rannsóknin hófst og biðlistinn var rýndur. Erfitt reyndist að ná í

- Einstaklingar yngri en 35 ára
- Einstaklingar eldri en 35 ára<sup>5</sup>
- Fjölskyldur með börn 18 ára og yngri

### *Rýnihópar*

Eigindleg aðferðarfræði á borð við rýnihópaaðferð hentar vel til að öðlast skilning á viðhorfum og reynslu einstaklinga. Rannsóknaraðferðin byggist á umræðum 6–8 einstaklinga í hóp um ákveðið málefni. Með rýnihópaviðtölum er hægt að fá fram mikið af upplýsingum á skömmum tíma og annars konar innsýn í skoðanir fólks en fengist með einstaklingsviðtölum eða spurningakönnunum. Rýnihópar henta sérstaklega vel ef rannsókn beinist að huglægum atriðum eins og mati á þjónustu.

### *Einstaklingsviðtöl*

Einstaklingsviðtöl eru eigindleg rannsóknaraðferð þar sem viðtöl eru tekin við einn einstakling í einu um ákveðið málefni. Stundum er einstaklingsviðtölum beitt jafnhliða annars konar rannsóknaraðferð eins og rýnihópum. Einstaklingsviðtöl eru öflug aðferð til að ná fram skilningi eða viðhorfi fólks til ákveðins viðfangsefnis. Rétt eins og rýnihópar henta þau vel í verkefnum þar sem þekking á viðfangsefninu er lítil eða ef rannsókn beinist að huglægum atriðum. Oft er farin sú leið að taka einstaklingsviðtöl frekar en að boða til rýnihópa þegar umræðuefnið er sérstaklega viðkvæmt.

### **Framkvæmd rannsókna**

Þátttakendur í rýnihópunum voru valdir með lagskiptu slembiúrtaki, þ.e. einstaklingum á biðlista eftir félagslegu húsnæði og/eða annars konar búsetuúrræðum var skipt upp í mismunandi hópa eftir aldri, kyni og fjölskyldugerð. Því næst var tekið slembiúrtak úr hverjum hóp fyrir sig.

Alls voru haldnir þrjú rýnihópafundir.

- Fyrsti fundurinn var haldinn 24. október 2018. Sá hópur samanstóð af barnafjölskyldum. Af þeim átta sem sögðust ætla koma á fundinn mættu fimm konur. Ein afboðaði sig vegna veikinda, tvær mættu ekki. Fundurinn stóð í rúman klukkutíma.
- 31. október 2018 var haldinn rýnihópafundur með einstaklingum yngri en 35 ára. Af þeim átta sem sögðust ætla að mæta mættu þrjú. Um var að ræða tvo karlmenn og eina konu. Fundurinn stóð í tæpan klukkutíma.
- 14. nóvember 2018 var þriðji rýnihópafundurinn haldinn en á hann voru boðaðir einstaklingar eldri en 35 ára. Af þeim 13 sem sögðust ætla að mæta mættu 10 einstaklingar, fjórar konur og sex karlmenn. Tveir afboðuðu sig samdægurs, og einn ruglaðist á dögum og mætti daginn eftir.

---

nægjanlega marga einstaklinga af sama uppruna í einn rýnihóp. Við framkvæmd einstaklingsviðtalanna reyndist auðveldara að ná á einstaklinga af erlendum uppruna og því var ákveðið að láta það nægja.

<sup>5</sup>Þar sem um eigindlega rannsókn var að ræða og viðmælendur fáir reyndist erfitt að hafa hópana meira aldurskipta.



Þátttakendur í einstaklingsviðtölunum voru valdir með svokölluðu hentugleikaúrtaki. Þ.e. rannsakendur mættu í Konukot og Gistiskýlið og óskuðu eftir þátttöku þeirra einstaklinga sem þar voru hverju sinni.<sup>6</sup>

Alls fóru rannsakendur tvisvar sinnum í Konukot og Gistiskýlið og óskuðu eftir þátttakendum í rannsókninni.

- Fyrsta heimsóknin í Gistiskýlið var 16. október 2018. Tekin voru viðtöl við fimm karlmenn sem þar voru staddir.
- 30. október 2018 voru tekin viðtöl við sex konur sem dvöldu í Konukoti.
- Seinni heimsóknin í Gistiskýlið var 12. nóvember 2018 en þá voru tekin viðtöl við þrjá karlmenn sem þar voru staddir.
- 22. nóvember 2018 var farið í seinni heimsóknina í Konukot. Í þeirri heimsókn náðu rannsakendur ekki á neina viðmælendur.

### **Meðferð trúnaðargagna**

Við framkvæmd rannsóknarinnar var farið að lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem og reglum og leiðbeiningum Persónuverndar um rannsóknir. Fyllsta trúnaðar var gætt gagnvart þátttakendum. Rýnihópafundirnir voru teknir upp og upptökunni eytt eftir að rannsakandi hafði unnið úr gögnunum. Þátttakendur skrifuðu jafnframt undir upplýst samþykkisblað.

---

<sup>6</sup> Til að ná í þann hóp einstaklinga sem er hvað verst staddur hvað húsnæðisaðstæður varðar, töldu rannsakendur að best væri að nálgast þá á þeim stöðum sem þeir gista og/eða sækja að staðaldri. Konukot og Gistiskýlið urðu því fyrir valinu auk þess að aðstaða þar er þess eðlis að hægt er að taka viðtöl við einstaklingana með góðum hætti. Einnig var mikilvægt að þessum einstaklingum væri mætt á þeirra forsendum og einstaklingsviðtöl væru tekin við þau frekar en þeir boðaðir í rýnihópa.

## NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR

### 4. TÖLFRÆÐIGREINING Á BIÐLISTANUM 1. SEPTEMBER 2018

Þann 1. september 2018 voru samtals 944 einstaklingar á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík.<sup>7</sup> Af þeim var 50,3% karlar og 49,7% konur.

Tafla 1: Kyn og aldurssamsetning

Aldur	Konur	Karlar	Samtals
19 ára og yngri	9	6	15
20–24 ára	62	41	103
25–29 ára	74	72	146
30–39 ára	149	127	276
40–49 ára	83	84	167
50–59 ára	51	83	134
60–66 ára	23	37	60
67 ára og eldri	18	25	43
<b>Samtals</b>	<b>469</b>	<b>475</b>	<b>944</b>

Eins og fram kemur í töflunni hér að ofan er rúmlega helmingur einstaklinga á biðlistanum 39 ára og yngri, eða 57% (samtals 540 einstaklingar).

#### 1. ATVINNUSTAÐA

Tæp 62% þeirra sem eru á biðlistanum eru sjúklingar eða öryrkjar. Atvinnulausir með eða án bótaréttar eru 11% heildarfjöldans. Tæp 19% einstaklinganna eru með atvinnu, hvort sem er sem launþegar eða sem atvinnurekendur/einyrkjar.

Tafla 2: Atvinnustaða

Atvinna	
65–75% öryrki	323
Atvinnulaus	13
Atvinnulaus án bótaréttar	59
Atvinnulaus með bótarétt	33
Atvinnurekandi/einyrki	13
Ellilífeyrisþegi	22
Fangi	15
Heimavinnandi	6
Nemi	36
Launþegi	165
Sjúklingur	259
<b>Samtals</b>	<b>944</b>

<sup>7</sup> 1. janúar 2019 voru samtals 901 einstaklinga á bilista eftir félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík.

## 2. FJÖLSKYLDUGERÐ OG FJÖLDI BARNA

Samtals 246 einstaklingar, eða 26% hópsins, eru einstaklingar skráðir með börn á framfæri (22,5% konur og 3,5% karlmenn).

Af þeim 698 einstaklingum sem ekki eru skráðir með börn á framfæri eru 37% konur.

Langflestir sem eru á biðlistanum eru barnlausir, eða 74% þeirra.

Tafla 3: Fjöldi barna

<b>Fjöldi barna</b>	
0	698
1	138
2	75
3	29
4	4
<b>Samtals</b>	<b>944</b>

Langflestir á biðlistanum eru skráðir einhleypir (ógiftir), eða 70%. 25% heildarfjöldans eru fráskilin eða ekkja/ekkill. 4% eru skráð gift.

Tafla 4: Hjúskaparstaða

<b>Hjúskaparstaða</b>	
Ógift/-ur	662
Gift	38
Ekkja/ekkill	21
Skilin	212
Ekki vitað	11
<b>Samtals</b>	<b>944</b>

### 3. HÚSSNÆÐISSTAÐA/DVALARSTAÐUR

Ef húsnæðisstaða einstaklinga á biðlistanum er skoðuð kemur í ljós að 47,5% búa í herbergi eða í íbúð á almennum leigumarkaði, 25% búa hjá foreldrum eða hjá öðrum ættingjum eða vinum, 16% eru húsnæðislausir og 6,5% dvelja á stofnun eða á stuðningsheimili/sambýli.

Tafla 5: Húsnæðisstaða/dvalarstaður

Á stofnum	14 (1,5%)
Býr hjá foreldrum	105 (11%)
Dvelur hjá öðrum	135 (14%)
Herbergi á almennum leigumarkaði	71 (7,5%)
Húsnæðislaus	156 (16,5%)
Íbúð á almennum leigumarkaði	379 (40%)
Leiguhúsnæði félagasamtaka	32 (3,4%)
Námssgarðar/heimavist	3 (0,3%)
Stuðningsheimili/sambýli	49 (5%)
<b>Samtals</b>	<b>944 (100%)</b>

### 4. STÆRÐ ÍBÚÐAR

Langflestir, eða 70%, þeirra sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði eru á biðlista eftir eins til tveggja herbergja íbúð. Það samræmist því sem hér hefur komið fram, en langflestir sem eru á biðlistanum eru barnlausir og jafnvel einhleypir.

Tafla 6: Stærð íbúðar sem sótt er um

<b>Stærð íbúðar</b>	
Eins til tveggja herbergja	662
Þriggja herbergja	166
Fjögurra herbergja eða stærri	116
<b>Samtals</b>	<b>944</b>

### 5. RÍKISFANG

89,7% þeirra sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði hafa íslenskt ríkisfang. Af þeim sem eru með erlent ríkisfang eru flestir frá Póllandi (27 einstaklingar) og Litháen (11 einstaklingar), eða um 4% þýðisins. Aðrir eru frá Sírlandi (9), Lettlandi (6), Svíþjóð (4), Danmörku (4), Írak (3), Marokkó (3), Afganistan (2), Keníu (2), Filippseyjum (2), Portúgal (2), Spáni (2) og Taílandi (2). Einnig eru einstaklingar frá Austurríki, Bretlandi, Egyptalandi, Gíneu, Grænhöfðaeyjum, Íran, Ítalíu, Kólumbíu, Líbíu, Namibíu, Nígeríu, Pakistan, Palestínu, Sómalíu, Úkraínu, Víetnam og Þýskalandi. Einn einstaklingur á listanum er án ríkisfangs.

### 6. ÞÖRF FYRIR HÚSNÆÐI

Samtals 656 einstaklingar, eða 69,5% þeirra sem eru skráðir á biðlista eftir félagslegu húsnæði, eru skráðir í „mikilli þörf“ eftir húsnæði. Aðrir, eða 288 einstaklingar, eru skráðir í „þörf“ fyrir félagslegt húsnæði.

Þeir sem eru skráðir í „mikilli þörf“ eru með allt frá 9 stigum upp í 16 stig. Stigafjöldi fer eftir þeim fjölda stiga sem einstaklingur skorar á matsblaði sem ráðgjafi notar til að forgangsraða einstaklingum eftir umsóknum um félagslegt húsnæði (sjá viðauka 2). Þeir sem eru skráðir í „þörf“ eru með stigafjölda frá 3 upp í 11 stig. Ástæður þess að einstaklingur fellur undir „mikla þörf“ eða „þörf“ í málaskrá fer eftir því hver stigafjöldi er hjá viðkomandi ásamt stærð íbúðar og barnafjölda. Af þeim sökum falla þeir sem eru með stigafjölda 9 og upp úr, og eru á biðlista eftir eins til tveggja herbergja íbúð, undir „mikla þörf“. Þeir sem eru á biðlista eftir þriggja herbergja íbúð þurfa að vera með 11 stig eða fleiri til að flokkast í „mikilli þörf“ og þeir sem eru á biðlista eftir fjögurra herbergja eða meira þurfa að vera með að minnsta kosti 12 stig til að teljast vera í „mikilli þörf“.

## 5. NIÐURSTÖÐUR RÝNIHÓPANNA

### A. RÝNIHÓPARNIR — BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

Alls mættu 18 einstaklingar í rýnihópnum þrjú. Um var að ræða tíu konur og átta karlmenn á aldrinum 19 ára til 67 ára. Í rýnihópnum með barnafjölskyldum áttu allir viðmælendurnir allt frá einu upp í þrjú börn. Í einu tilfalli bjuggu börnin ekki hjá viðkomandi. Í rýnihópnum 35 ára og eldri áttu átta viðmælendur börn en þau voru öll fyrir utan eitt 18 ára eða eldra.

Níu viðmælendur voru á öryrkjabótum, þrjár á almennum vinnumarkaði, fjórir í starfsendurhæfingu, þrjár í námi og einn fær fjárhagsaðstoð.

Allir viðmælendurnir í rýnihópnum, fyrir utan einn, voru einhleypir. Af þeim voru tvær ekkjur og einn fráskilinn. Einn viðmælandi var í sambúð.

Af viðmælendunum höfðu ellefu lokið grunnskólaprófi, einn stúdentsprófi, einn iðnskólaprófi, tveir BS/BA- eða BEd-prófi, og tveir sögðust hafa lokið annarri menntun. Einn viðmælandi sagðist ekki hafa lokið grunnskólaprófi.

Tíu af átján viðmælendum leigðu íbúð eða herbergi á almennum leigumarkaði. Fimm viðmælendur bjuggu í foreldrahúsum eða hjá ættingjum og vinum. Einn viðmælandi var í sambúð og einn bjó á áfangaheimili. Einn viðmælandi tók ekki fram hvar hann byggi (annað).

### B. RÝNIHÓPARNIR — NIÐURSTÖÐUR

#### 1. TÍMALENGD Á BIÐLISTA

Samkvæmt viðmælendur í rýnihópnum höfðu þeir verið að meðaltali fimm ár á biðlista eftir félagslegu húsnæði.<sup>8</sup>

#### 2. HÚSNÆÐISSTAÐA VIÐMÆLENDNA

Í upphafi rýnihópafundanna voru viðmælendur beðnir um að lýsa húsnæðisstöðu sinni. Fram kom að staða þeirra var misgóð. Flestir bjuggu inni á vinum eða ættingjum, eða leigðu herbergi eða íbúð á almennum leigumarkaði.

*Inni á ættingjum og/eða vinum*

Sex viðmælendur sögðust búa hjá ættingjum og/eða vinum:

- Ung kona býr í herbergi hjá móður sinni með ungt barn. Framtíðin óljós þar sem húsnæðið er á sölu.
- Ung kona gistir hjá ömmu sinni eftir sambandslit við barnsföður sinn. Er með sameiginlega forsjá yfir tveimur ungum börnum en getur ekki haft þau hjá sér og því búa þau hjá föður sínum.

---

<sup>8</sup> Einn viðmælandi svaraði ekki hve lengi hann hefði verið á biðlista eftir félagslegu húsnæði.

- Eftir að hafa dvalið í Kvennaathvarfinu býr viðkomandi í einu herbergi, með tvær unglingsstúlkur, hjá móður sinni. Aðstæður hjá móður hennar slæmar og að hennar sögn ekki viðunandi fyrir börnin.
- Ung stúlka býr að eigin sögn af „illri nauðsyn“ hjá kærastanum sínum. Hún segist búa hjá honum vegna þess að hún hafi ekki í önnur hús að venda.
- Ungur maður sefur oftast á sófum hjá vinum sínum en þess á milli hjá foreldrum sínum.
- Viðmælandi sefur á sófa inni í stofu hjá föður sínum. Vill gjarnan vera með unglingsson sinn meira en hann getur ekki boðið honum upp á þær húsnæðisaðstæður sem hann býr við.

#### *Almennur leigumarkaður*

Tíu viðmælandur í rýnihópunum sögðust leigja herbergi eða íbúð á almennum leigumarkaði.

- Tveir viðmælandur greindu frá því að þeir væru að missa íbúðirnar sem þeir leigðu. Annar vegna sölu á eigninni og hinn vegna þess að húsnæðið væri óíbúðarhæft. Báðir viðmælandur voru með ung börn og sögðust ekki vita hvert þeir færu í kjölfarið.
- Einn viðmælandi sagðist leigja 50 fermetra ósamþykktu íbúð í fjölbýli. Hann borgar háa leigu og líður ekki vel í íbúðinni.
- Annað sem viðmælandur nefndu var að:
  - Leiguverð væri of hátt
  - Mikið óöryggi sem leigjandi
  - Tíðir flutningar fylgja því að vera á almennum leigumarkaði
  - Menn safna skuldum á almennum leigumarkaði í stað þess að leggja til hliðar.

#### *Annars staðar*

Einn viðmælandi býr á geðdeild og hefur ekkert húsnæði sem bíður hans þegar hann útskrifast. Annar viðmælandi býr á áfangaheimili í kjölfar fangelsisvistar. Hann var ekki vongóður um að fá íbúð á almennum leigumarkaði vegna fortíðar sinnar.

### 3. ÁHRIF ÞESS AÐ VERA Á BIÐLISTANUM

Áhrif þess að vera ekki í tryggu húsnæði og á biðlista eftir félagslegu húsnæði voru margvísleg.

#### *Áhrif á börnin:*

- Það hefði mikil áhrif á viðmælanda og börnin að viðkomandi geti ekki haft þau hjá sér. Börnin væru kvíðin og skildu ekki af hverju þau geti ekki búið hjá sér.
- Annar viðmælandi sagði húsnæðisaðstæður sínar hafa haft áhrif á heilsufar dóttur sinnar en húsnæðið sem hún leigði væri óíbúðarhæft vegna myglu og leka.
- Það væri niðurlægjandi fyrir unglinga að deila herbergi með móður sinni. Það hafi neikvæð félagsleg áhrif en sem dæmi bjóða þær ekki öðrum börnum í heimsókn.
- Tíðir flutningar hafa mikil áhrif á börnin.
- Að búa inni á ættingja stuðlar ekki að þeim heilbrigðu og uppbyggjandi aðstæðum sem börnin þurfa á að halda. Alvarleg andleg veikindi séu til staðar vegna aðstæðnanna sem þær búa við.

#### **„Það að vera hjá mömmu sinni þýðir ekki endilega að maður sé í öruggu húsnæði“**

- Óvissa á leigumarkaði er erfið og andleg líðan smitast yfir á börnin.

- Slæm áhrif á börnin að þurfa að skipta um skóla og íþróttafélög vegna flutninga.
- Sérstaklega slæmt fyrir börn með persónulegan vanda og sem þurfa á rútinu og skipulagi að halda.

#### Áhrif á andlega líðan

- Slæm áhrif á andlega líðan að búa inni á öðrum einstaklingi í óheilbrigðu sambandi af „illri nauðsyn“.
- Mikið óöryggi skapast af því að flakka á milli vina og ættingja.
- Ótti við að fá ekki húsnæði þar sem gæludýr eru velkomin.
- Mikill streituvaldur að vera komin/n á efri ár og þurfa að vera í eilífu „ströggli“ við að komast í öruggt húsnæði.

#### „Húsnæðisöryggi er grunnþörf sem við þurfum öll [á að halda]“

##### Fjárhagslegar afleiðingar

- Mikilvægt að komast í betra húsnæði og greiða lægri leigu.
- Hinn almenni leigumarkaður er bæði dýr og ótryggur.
- Viðmælendur nefndu að þeir hefðu:
  - Verið gert að fara úr leiguhúsnæði samdægurs án fyrirvara
  - Ekki fengið tryggingar endurgreiddar
- Leiguverð hefur hækkað án nokkurs fyrirvara.

##### Önnur áhrif

- Framtíðin þungbúin í ljósi háls leiguverðs.
- Vont að hafa ekki öruggt húsnæði. Viðkomandi hefur lokið vímuefnaferð og er í Grettistaki. Þarfnast aðeins öruggs húsnæðis til að geta staðið sig í náminu.

**„Óskín er öruggt húsnæði í einhvern tíma á meðan maður er að vinna sig upp úr þeim vanda sem maður er í. Til að geta klárað nám. Hef verið í ströggli, er í Grettistaki, hef verið að vinna tvær vinnur, og ég veit að ég þarf að einbeita mér að náminu. Get ekki verið að vinna með því“**

#### 4. VÆNTINGAR

Væntingar viðmælenda um húsnæði voru fyrst og fremst þær að húsnæðið væri öruggt og heilbriggt:

- Íbúð með fjóra veggi, þaki og án raka eða myglu.
- Engan linoleum-dúk á gólfum. Félagslegar íbúðir þekkjast á dúknum og innréttingunum.
- Stærð íbúðarinnar skiptir ekki máli.
- Alveg tilbúin í að fá úthlutað lítilli íbúð tímabundið; allt væri betra en staða þeirra í dag.
- Barnafjölskyldurnar sögðust ekki afþakka íbúð sem væri í öðru hverfi en þær byggju í. Óskastaðan væri samt að vera áfram í sama hverfinu, barnanna vegna.

**„Ég er bara í þannig stöðu að börnunum mínum líður alls ekki vel og það er alvarlegt mál og að við verðum að komast út“**

- Viðmælendur gátu hugsað sér að flytja í tímabundið húsnæði, svo lengi sem varanlegt húsnæði með viðráðanlegri leigu væri í farvatninu.



- Nokkrir viðmælendur sögðust geta hugsað sér að leiga tímabundið með öðrum í svipaðri stöðu og þeir.

**„Ég sé þjónustu velferðarsviðs sem tímabundna þjónustu og aðstoð til að koma lífinu mínu aftur á rétta braut“**

- Einn viðmælandi sagðist ekki vilja búa í hverfi eða í húsnæði sem samanstæði fyrst og fremst af félagslegum íbúðum. Mikilvægt væri fyrir börn að búa í blönduðu hverfi.
- Hvað staðsetningu varðar höfðu viðmælendur í rýnihópunum mismunandi skoðanir:
  - Sumum var alveg sama hvar þeir byggju; jafnvel til í að vera úti á landi.
  - Aðrir vildu gjarnan vera miðsvæðis í Reykjavík þar sem þeir fara fótgangandi allar sínar leiðir. Einnig var það mikilvægt fyrir þá félagslega að búa miðsvæðis þar sem tengslanet þeirra og öll félagsleg virkni er í miðbæ Reykjavíkur.
  - Tveir viðmælendur sögðust alls ekki vilja búa í miðbæ Reykjavíkur.

#### 5. UPPLÝSINGAGJÖF

Í rýnihópunum ræddu viðmælendur um skort á upplýsingagjöf frá ráðgjöfum á þjónustumiðstöðvunum.

- Viðmælendur áttu sammerkt að vilja gjarnan vita meira um stöðu sína á biðlistanum.
  - Þeir töldu upplýsingaflæði til þeirra lítið og upplýsingum ekki miðlað til þeirra þegar þeir óskuðu eftir því.
  - Þeir vissu t.d. ekki hve margir væru á biðlista eftir félagslegu húsnæði, hve margar íbúðir væru í boði (og í hvaða stærðum), hvernig stigagjöfinni væri háttað og hvaða þýðingu stigafjöldi þeirra hefði fyrir þau.
  - Óvissan er verri en biðin sjálf.
  - Viðmælendur sýndu því einnig skilning að ráðgjafar væru ekki í aðstöðu til að lofa einu né neinu hvað húsnæði varðaði.
- Nefnt var að ráðgjafar miðluðu ekki upplýsingum um þá aðstoð/styrki sem stæðu þeim til boða.
- Einn viðmælandi óskaði eftir því að bæklingur væri gefinn út fyrir þá sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Í honum kæmi fram m.a. upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra sem eru á biðlistanum.

#### 6. ANNAÐ

Hér að neðan er samantekt á öðru sem fram kom á rýnihópafundunum:

- Sumir viðmælendur upplifðu að ráðgjafar á þjónustumiðstöð hefðu ekki skilning á stöðu þeirra.
- Nefnt var að ráðgjafar litu ranglega á búsetu hjá ættingjum sem öruggt húsnæði.

**„Öruggt húsnæði er bara kjaftæði. Þú ert á sófanum hjá ömmu þinni, ég var í Kvennaathvarfinu, samt fáum við ekki húsnæði“.**

- Einn viðmælandinn upplifði að sér væri refsað fyrir velgengni. Hún hefði klárað endurhæfingu, náð að vera edrú í lengri tíma, væri komin með vinnu og hafði fengið íbúð á almennum leigumarkaði. Þegar allt væri að ganga upp hjá henni eru húsnæðismálin að halda aftur af henni, en hún sagðist vera búin að missa leiguhúsnæðið og óviss með framtíðina.

**„Það þarf ekki alltaf allt að keyra í klessu til að manni sé hjálpað. Ekki refsá mér fyrir að vera edrú. Svo er „ókey, ert þú farin að vinna“ – og maður er alveg: er það slæmt? Á ég að fela það?“**

- Aðrir viðmælendur sögðu einnig að þegar þeir væru komnir í leiguíbúð á almennum markaði væru þeir settir til hliðar á biðlistanum og ekki tilnefndir fyrir félagslega leiguíbúð.
- Nefnt var að ekki væri endilega eftirsóknarvert að sækja um félagslega íbúð. Það væri hins vegar eini möguleikinn til að komast í varanlegt húsnæði sem sligaði ekki fjárhagslega.

**„Maður lifir ekki á voninni. Maður er að verða það gamall; óöryggið er að fara mjög illa í mann. Þegar þú ert hættur að hafa væntingar um að fá íbúð og þú lifir bara í voninni; þá ertu í mjög slæmum andlegum málum. Vegna þess að vonin um að fá ekki neitt er hrikaleg. Og þegar það er búið að bregðast manni fram og til baka þá verður maður hvektur. Og jafnvel reiður“.**

## 6. NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA Í NEYÐARSKÝLUNUM

### A. VIÐMÆLENDUR — BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

Alls fóru rannsakendur í fjórar heimsóknir í Gistiskýlið og Konukot og tóku viðtöl við 14 einstaklinga.

Rannsakendur fóru 30. október og 22. nóvember 2018 í Konukot og tóku samtals sex viðtöl við konur á aldrinum 37 til 57 ára. Meðalaldur þeirra var 49 ár. Tveir viðmælendur voru af erlendum uppruna og fór viðtalið við þá fram á ensku.

Rannsakendur fóru þann 16. október og 12. nóvember 2018 í Gistiskýlið og tóku samtals átta viðtöl við karlmenn á aldrinum 27 til 69 ára. Meðalaldur viðmælenda var 43 ár. Þrír þeirra voru af erlendum uppruna og fór viðtalið við þá fram á ensku.

Tólf viðmælendur í neyðarskýlunum sögðust gista þar af því að þeir væru heimilislausir. Einn viðmælandi var kominn með búsetu í úrræði á vegum velferðarsviðs og annar gaf ekki upp húsnæðisaðstöðu sína. Allir viðmælendur voru einhleypir, menntunarstig þeirra var almennt lágt og allir fyrir utan einn áttu börn. Átta viðmælendur voru á örorkubótum, einn var eftirlaunaþegi og aðrir sögðust vera atvinnulausir.

*Hve lengi án heimilis?*

Viðmælendur höfðu verið heimilislausir allt frá fjórum mánuðum upp í 15 ár. Allir sögðust hafa gist meira og minna í neyðarskýlunum þann tíma sem þeir hefðu verið heimilislausir. Einnig sögðust viðmælendur hafa gist í bílnum sínum, á áfangaheimili og hjá vinum og ættingjum. Einn viðmælandi sagðist hafa misst húsnæðið sitt vegna andlegra veikinda.

*Á biðlista eftir félagslegu húsnæði*

Allir viðmælendur að einum undanskildum sögðust hafa leitað sér aðstoðar hjá félagsþjónustunni vegna aðstöðu sinnar. Einnig höfðu viðmælendur notið aðstoðar VOR-teymis velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Allir viðmælendur í Konukoti og fjórir af átta viðmælendum í Gistiskýlinu sögðust vera á biðlista eftir félagslegu húsnæði í sínu bæjarfélagi. Einn viðmælandi var á biðlista eftir að komast í smáhýsi.

## Væntingar

Allir viðmælendur utan eins sögðust vilja komast í sjálfstæða búsetu. Nefnt var að herbergi með sameiginlegri eldhúsaðstöðu og jafnvel stúdíóíbúð kæmu til greina, en flestir vildu sjálfstæða búsetu í lítilli íbúð. Hvað aðrar væntingar varðar var m.a. nefnt:

- Búseta í blönduðu hverfi þar sem ekki væru einungis félagslegar íbúðir.
- Búseta með stuðningi.
- Búseta fjarri einstaklingum með áfengis- og/eða annan vímuefnavanda.
- Búseta í miðbæ Reykjavíkur; sérstaklega þegar viðkomandi er í virkri neyslu.
- Búseta fjarri miðbæ Reykjavíkur; vegna ágangs annarra sem eru í neyslu og þeirra sem eru heimilisláusir.
- Öruggt og viðunandi húsnæði.
- Húsnæði í kjölfar búsetu á áfangaheimili.

### **„Hver dagur án húsnæðis er glataður dagur án barnanna minna“**

#### *Sjálfstæð búseta eða búseta með stuðningi?*

Sex af átta viðmælendum í Gistiskýlinu töldu sig þurfa á búsetu með stuðningi að halda. Meðal þess stuðnings sem þeir vildu var hjálp við heimilisþrif og stuðningur vegna fíknivanda. Tveir af sex viðmælendum í Konukoti sögðust þurfa á einhvers skonar stuðningi að halda í búsetu. Meðal þess stuðnings sem þær vildu var fjölþættur stuðningur á borð við andlegan og félagslegan stuðning. Misjafnt var hvort viðmælendur gátu hugsað sér að búa í búsetuúrræði þar sem einstaklingar mættu vera í neyslu. Einn viðmælandi taldi það ekki myndu hjálpa sér að viðhalda edrúmennsku á meðan annar viðmælandi gat hugsað sér „blautt“ búsetuúrræði svo lengi sem því fylgdi ekki mikið ónæði.

Aðspurðir hvort viðmælendur þyrftu almennt á einhverri þjónustu að halda (á borð við áfengismeðferð, aðstoð vegna geðræns/líkamlegs vanda) sögðu níu viðmælendur að þeir þyrftu á aðstoð að halda. Aðstoðin var fyrst og fremst vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu, en einnig var nefndur stuðningur vegna ágengni annarra sem væru heimilisláusir og aðstoð vegna geðrænna vanda á borð við kvíða, félagsfælni og annars vanda. Tveir viðmælendur sögðu það þurfa að koma í ljós þegar þeir fengju húsnæði hvaða aðstoð þeir þyrftu á að halda þar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir því í dag.

### **„Ef ég fæ húsnæði minnkar óttinn og kvíðinn“**

## Viðaukar

### 7. VIÐAUKI 1: VIÐTALSVÍSIR Í RÝNIHÓPUNUM

Hve lengi hafið þið verið á biðlista eftir félagslegu húsnæði?

Hver er húsnæðisstaða ykkar í dag?

Hver eru áhrif þess á ykkur að vera á biðlista eftir húsnæði (líkamleg/andleg áhrif)?

Hvaða væntingar hafið þið hvað húsnæði varðar?

Hvaða þarfir hafið þið hvað húsnæði varðar?

Hvað myndi leysa stöðu ykkar eins og hún er í dag, hvað húsnæði varðar?

Hvað með tímabundið húsnæði?

## 8. VIÐAUKI 2: VERKLAGSREGLUR UM FÉLAGSLEGAR LEIGUÍBÚÐIR OG SÉRSTAKAR HÚSALEIGUBÆTUR

[https://reykjavik.is/sites/default/files/felagslegar\\_leiguibudir\\_og\\_serstakar\\_husaleigubaetur\\_-\\_mai\\_2017\\_2.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/felagslegar_leiguibudir_og_serstakar_husaleigubaetur_-_mai_2017_2.pdf)